



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 23. nóvember 2023
2212466/106.06 IA

Efni: Framlenging á lánum Kópavogsbæjar hjá Íslandsbanka

Frá fjármálasviði:

Greinagerð:

Í febrúar 2014 var tekið óverðtryggt eingreiðslulán hjá Íslandsbanka, að fjárhæð 2.700.000.000,- með gjalddaga í mars 2019 og í mars sama ár lán að fjárhæð 1.800.000.000 með 30 ára afborgunarferli en með lokagjalddaga í apríl 2019. Hluti af samningnum við Íslandsbanka var, að þegar kæmi að lokagjalddögum lánanna væri heimild til að framlengja þeim og hefur það verið gert einu sinni.

Íslandsbanki hefur nú fyrir sitt leiti samþykkt framlengingu þessara lána um 5 ár, eða til 5. desember 2028 með sömu kjörum og áður, en lánin bera kjörvexti Íslandsbanka að frádregnu 1% álagi (kjörvextir nú 12,15% - 1,00% = 11,15%). Framlengingin gerist þannig, að undirritaðir eru viðaukar við fyrri lánasamninga þar sem fram kemur hinn nýi lokagjalddagi.

Er því óskað eftir að bæjarstjórn veiti bæjarstjóra heimild til að undirrita framangreinda viðauka við lánasamninga frá Íslandsbanka:

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi heimild til bæjarstjóra:

Að undirrita viðauka við lánsamninga við Íslandsbanka, annarsvegar að eftirstöðvum kr. 2.700.000.000,- og hinsvegar að eftirstöðvum kr. 945.000.000,- þar sem lokagjalddögum er breytt úr 5.12.2023 í 5.12.2028.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri